

Minnisblað

Til: Umhverfis- og framkvæmdanefnd
Frá: Smári Karlsson
Dags. 16. júní 2022
Mnr. 2022060100



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - staða sorpmála

Eitt af stóru verkefnum umhverfis- og framkvæmdanefndar á kjörtímabilinu verður útboð sorphirðu og -förgun og innleiðing á nýju regluverki. Í þessu minnisblaði verður í fáum dráttum farið yfir stöðu mála í sveitarfélaginu.

Sorphirðusamningur Ísafjarðarbæjar er við Terra hf. og var hann gerður á grundvelli útboðs Ísafjarðarbæjar árið 2017 og tók samningurinn gildi 1. janúar 2018. Samningurinn var gerður við Gámaþjónustu Vestfjarða sem rann inn í móðurfélagið Gámaþjónstuna hf. á samningstímanum sem síðar fékk nýtt nafn, Terra hf.

Samningurinn var gerður til fjögurra ára og rann út 1. janúar 2022. Fyrri umhverfis- og fræmkvæmdanefnd lagði til við bæjarstjórn að heimila framlengingu á samningnum til tveggja ára með vísan í framlengingarákvæði í undirrituðum verksamningi og var skrifað undir framlengingu á vordögum. Núgildandi samningur rennur semsagt út 1. janúar 2024.

Nú liggur fyrir sú vitneskja að Terra hf. og Kubbur ehf. á Ísafirði hafa verið í samningaviðræðum um kaup þess síðarnefnda á starfsemi Terra í Ísafjarðarbæ. Í samtölum sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs Ísafjarðarbæjar við framkvæmdastjóra Kubbs hefur komið fram að kaupin væru ekki frágengin en hins vegar liggi fyrir samkomulag beggja aðila um að klára málið.

Framkvæmdastjóri Kubbs hefur verið upplýstur um að komi til kaupa Kubbs á Terru, muni fyrirtækið yfirtaka samninginn í því formi sem útboðsgögn og verksamningur kveða á um og ekki verður hægt að gera breytingar á samningi vegna hættu á útboðsskyldu eins og kveður á í 90 gr. laga um opinber innkaup. Sjá nánar í minnisblaði Juris dags. 23. febrúar 2018.

Stórar breytingar í farvatninu

Þann 1. janúar 2023 koma til framkvæmda stór hluti ákvæða í lögum nr. 103/2021 um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um úrvinnslugjald.

Í lögnum kemur meðal annars fram að innheimta skal vera sem næst raunkostnaði fyrir meðhöndlun úrgangs og að fast gjald skuli vera nýtt að takmörkuðu leiti. Á ensku kallast þetta *Pay as you throw*. Þessar breytingar þýða að flest sveitarfélög þurfa að aðlaga gjaldskrár sínar og innheimtukerfi svo hægt að sé að innheimta á réttan hátt. Þetta eru stórar breytingar þar sem flest innheimtukerfi þurfa að taka skref úr því að vera hefðbundið kerfi sem nýtir fast gjald, í það að vera innheimtukerfi sem er í eðli sínu sniðið betur því magni og tegund úrgangs sem hver og einn íbúi sveitarfélagsins lætur frá sér.

Í lögnum er kveðið á um að sveitarfélögum er heimilt fram til 2025 að innheimta með föstu gjaldi allt að 50% af kostnaði við sorphirðu og -förgun.

Innkaupastjóri Ísafjarðarbæjar og undirritaður vinna nú að því að kanna hvar sveitarfélagið stendur með tilliti til þessa. Spurningin sem þarf að svara hratt og örugglega er hvort lagabreytingar kalla á stórar breytingar í sorphirðu- og förgun í Ísafjarðar þann 1. janúar eða hvort við fáum tveggja ára aðlögunartíma og breytingarnar kæmu þá til framkvæmda í næsta sorpútboði.